

Lykilupplýsingar fjárfesta

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

Landsbréf – Einkabréf D hs. (Kennitala: 450916-9860) (ISIN: IS0000027720)

Fjárfestingarsjóður þessi er rekinn af Landsbréfum hf., dótturfélagi Landsbankans hf.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun með því að fjárfesta í dreifðu og blönduðu safni verðbréfa, hlutdeildarskírteina og innlána. Sjóðurinn er ætlaður viðskiptavinum Einkabankaþjónustu Landsbankans.

Fjárfestingarstefna:

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í innlendum sem og erlendum hlutdeildarskírteinum sjóða ásamt stökum ríkisskuldabréfum, öðrum skuldabréfum og hlutabréfum, innlendum sem erlendum. Einnig er fjárfest í innlánum hjá fjármálafyrirtækjum.

Sjóðurinn fjárfestir að lágmarki 50% eigna sinna í skuldabréfum, innlánum og peningamarkaðsgeringum eða í sjóðum sem fjárfesta í framangreindum eignaflokkum.

Hámarksfjárfesting í erlendum sjóðum og verðbréfum er 50% af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn fjárfestir að hámarki 50% eigna sinna samantlagt beint í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum.

Aðrar upplýsingar:

Sjóðurinn er vaxtarsjóður sem felur í sér að arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign hans skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

Landsbréf eru skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á uppgjörstegi viðskipta með skírteinin, eftir þeim reglum sem um innlausn gilda.

Opnunartími sjóðsins er frá kl. 9:30-13:30 þá viðskiptadaga sem kauphöllin á Íslandi er opin. Beiðni um viðskipti í sjóðnum sem berst á opnunartíma, er afgreidd á dagslokagengi þess dags og fer uppgjör fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2).

Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags.

Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 5.000 kr.

Ráðlegging: Sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan þriggja ára.

Áhætta og ávöxtun

Minni áhætta ← Yfirleitt lægri ávöxtun | Meiri áhætta → Yfirleitt hærrí ávöxtun

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættukvarði þessi er mælikvarði á sveiflur í verðmæti eigna sjóðsins. Kvarðinn byggir á mælingum á viku- legum verðsveiflum síðustu 5 ára. Þar sem að sjóðurinn hefur ekki náð 5 ára rekstrarsögu byggir útreikningur að hluta til á sögulegum verðsveiflum þeirra eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í skv. fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er í 4. þrepi áhættukvarðans. Því hærrí sem sjóður mælist á kvarðanum, því meiri sveiflur hafa verið í verðmæti eigna hans. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“. Áhættuflokkunin sem sýnd er hér að ofan er ekki tryggð og gæti breyst.

Áhættumælikvarði þessi nær ekki yfir alla þá áhættuþætti sem skipt geta máli fyrir verðmæti eigna sjóðsins. Kvarðinn mælir ekki markaðsáhættu, vaxtaáhættu eða hættu á greiðslufalli útgefenda skuldabréfa sjóðsins (útlánaáhætta). Innstæður geta einnig tapast ef innstæður verða ekki tryggðar að fullu við gjaldþrot fjármála- stofnunar. Útlánaáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda.

Lausafjáráhætta er til staðar í sjóðnum, ef til þess kemur að eignir seljast ekki tímanlega á ásettanlegu verði.

Rekstraráhætta er í sjóðnum þ.m.t. vegna vörslu eigna vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. Nánari umfjöllun um áhættuþætti er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á landsbref.is

Gjöld fyrir þennan sjóð

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	1,00%
Gjald við sölu	0,00%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er.


Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	1,33%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tilteknar aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Engin

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins fyrir árið 2020. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilinn er viðskiptakostnaður vegna eignasafns að undanskildum kostnaði vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóðum.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna á bls. 14 – 15 í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is/blandadir-sjodir/einkabref-d/

Fyrri árangur



Sjóðurinn var stofnaður í október 2016.

Gjaldmiðill sjóðsins er ISK og eru allar nafnávöxtunartölur í ISK að frádregnum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn á hverjum tíma, svo sem umsýsluþóknun, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði.

Ávöxtun sjóðsins er breytileg eftir tímabilum og því getur tímasetning kaupa eða sölu á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ráðið miklu um tap eða hagnað á viðskiptunum.

Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir.

Hagnýtar upplýsingar

- » Vörsluaðili sjóðsins er Landsbankinn hf.
- » Frekari upplýsingar um sjóðinn, daglegt gengi, lykilupplýsingar, útboðslýsingu og upplýsingablað má nálgast á vefsíðu Landsbréfa, landsbref.is
- » Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skattlagðar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru seld eða innleyst. Skattthlutfall þetta er nú 22% fyrir innlenda aðila og 12% fyrir erlenda aðila, en breytingar á skattalögum geta á hverjum tíma breytt skattalegri stöðu fjárfesta í sjóðnum. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.
- » Landsbréf hf. bera aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.

Fjárfestingarsjóður þessi sem jafnframt er sérhæfður sjóður hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Landsbréf hf. hafa starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þessar lykilupplýsingar eru réttar þann 1. mars 2021.